

## Fundargerð aðalfundar Haga hf. haldinn hinn 30. maí 2024

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, var haldinn fimmtudaginn 30. maí 2024, kl. 15:00, á Hilton Reykjavík Nordica (Vox Club), Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Davíð Harðarson, formaður stjórnar Haga hf., bauð fundarmenn velkomna í upphafi fundarins og lagði til að Þórður Bogason, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri. Var það samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Haga, yrði kjörin fundarritari. Var það samþykkt. Þá gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins, fundargögnum og fyrirkomulagi fundarstarfa. Fundarboð birtist opinberlega á vef Kauphallarinnar þriðjudaginn 7. maí sl. og var fundurinn einnig auglýstur í Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu miðvikudaginn 8. maí sl. Á fundinn voru mættir 34 hluthafar af 957 hluthöfum í félaginu eða fyrir 81,56% hlutafjár. Lýsti fundarstjóri því yfir að fundurinn væri boðaður á lögsmætan hátt og bær til að taka ákvarðanir í samræmi við auglýsta dagskrá. Hreyfði enginn andmælum. Að svo búnu var gengið til dagskrár án athugasemda.

### **1. Skýrsla stjórnar Haga hf. um starfsemina á liðnu ári.**

Davíð Harðarson, formaður stjórnar Haga hf., tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.

### **2. Ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda.**

Á fundinum var lagður fram til samþykktar ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Finnur Oddsson, forstjóri Haga hf., tók til máls og gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Eftir framsöguræður undir 1. og 2. dagskrárlið opnaði fundarstjóri mælendaskrá og bauð fundarmönnum að taka til máls. Davíð Rúdólfsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, tók til máls. Hann spurði um fyrirætlanir Haga um opnun netverslunar með áfengi og lögsmæti slíkrar verslunar. Finnur Oddsson, forstjóri Haga hf., tók til máls og svaraði fyrirspurn Gildis. Fleiri tóku ekki til máls og var mælendaskrá því lokað. Að svo búnu voru ársreikningur Haga hf. og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár þess, 1. mars 2023 til 29. febrúar 2024, ásamt skýrslu endurskoðanda, bornir upp til atkvæða og samþykkti aðalfundurinn þá samhljóða.

### **3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2023/24.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2023/24 sem nemi 50,0% hagnaðar ársins eða samtals 2.522 milljónir króna, eins og fram kemur í ársreikningi félagsins. Heildararðgreiðslan nemur því 2,33

kr. á hlut útistandandi hlutafjár. Skal arðsréttindadagur vera 3. júní 2024. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2023/24 verður því 31. maí 2024, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 7. júní 2024. Fundarstjóri opnaði mælendaskrá og bauð orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

#### **4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda.**

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að stjórnarlaun hækki um 3,25% og verði sem hér segir: Stjórnarmenn kr. 399.000,- á mánuði, stjórnarformaður kr. 798.000,- á mánuði og varaformaður kr. 587.000,- á mánuði. Stjórn gerir tillögu um að laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar verði óbreytt, eða kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns undirnefnda verði tvöföld upphæð. Þá gerir stjórn tillögu um að nefndarmönnum í tilnefningarnefnd verði greitt skv. reikningi 25 þús. kr. pr./klst. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Við svo búið bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna Haga hf. og undirnefnda og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

#### **5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu, kaupréttarkerfi og skýrsla starfskjaranefndar.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við aðalfund breytta starfskjarastefnu fyrir félagið ásamt útfærslu á kaupréttarkerfi. Fundarstjóri benti á að útfærsla á kaupréttarkerfinu lægi fyrir í sérstakri tillögu ásamt greinargerð stjórnar. Þá liggur frammi fyrir fundinum skýrsla starfskjaranefndar fyrir starfsárið 2023/24.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að hann hygðist fyrst fjalla um tillögu að starfskjarastefnu félagsins með þeim breytingum sem lagðar eru til. Ekki var gerð athugasemd við að starfskjarastefna og kaupréttarkerfi yrðu lögð fram sitt í hvoru lagi. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um starfskjarastefnu og skýrslu starfskjaranefndar. Enginn tók til máls. Fundarstjóri bar því næst upp til atkvæða tillögu stjórnar um breytta starfskjarastefnu félagsins. Var hún samþykkt samhljóða.

Því næst var tekin til afgreiðslu tillaga stjórnar að kaupréttarkerfi. Fundarstjóri upplýsti að fyrr í dag hafi borist breytingartillaga frá Gildi lífeyrissjóði um kaupréttarkerfið, sem birt hefur verið í Kauphöll. Davíð Harðarson tók fyrst til máls og kynnti tillögu stjórnar að kaupréttarkerfi. Davíð lagði því næst fram dagskrártillögu um að afgreiðslu málsins yrði frestað til síðari hluthafafundar eða aðalfundar þar sem ekki hafi gefist nægilegur tími til að glöggva sig á breytingartillögunni. Fundarstjóri bauð Davíð Rúdólfssyni, framkvæmdastjóra Gildis, að taka til máls og kynnti Davíð breytingartillögu lífeyrissjóðsins. Fundarstjóri opnaði því næst mælendaskrá en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar því næst fram dagskrártillögu um frestun á afgreiðslu kaupréttarkerfis. Fundarstjóri upplýsti um að hann myndi fyrst láta kjósa um tillöguna með handauppréttingu með fyrirvara um að gengið yrði til atkvæðagreiðslu ef úrslit væru ekki

augljós. Í framhaldi af handauppréttingu ákvað fundarstjóri að tryggast væri að ganga til atkvæða og bauð fundarmönnum að nýta atkvæðaseðla til kosninga.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að halda áfram með dagskrá fundarins á meðan talning atkvæða færi fram. Var það samþykkt.

Að lokinni talningu atkvæða lýsti fundarstjóri því yfir að tillaga um frestun á ákvörðun um kaupréttarkerfi hafi verið samþykkt með 88,5% atkvæða, sem var fjöldi atkvæða en atkvæðavægi þeirra var 98,7%. Var tillaga stjórnar að kaupréttarkerfi og breytingartillaga við hana því tekin af dagskrá.

## **6. Tillaga um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar.**

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að grein 4.5. verði felld út úr starfsreglum tilnefningarnefndar og að grein 6.1. verði færð til samræmis við núgildandi verklag þar sem þóknun fulltrúa tilnefningarnefnda er ákvörðuð á aðalfundi. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Að svo búnu bar fundarstjóri upp tillögu stjórnar um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar og var hún samþykkt samhljóða.

## **7. Kosning fulltrúa í tilnefningarnefnd.**

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að þrír eftirtaldir fulltrúar verði kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins en þau skipa öll tilnefningarnefnd félagsins í dag. Meirihluti þeirra er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

- Björg Sigurðardóttir, endurskoðandi
- Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur
- Kristjana Milla Snorradóttir, mannauðsstjóri

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Að svo búnu bar fundarstjóri upp tillögu stjórnar um fulltrúa í tilnefningarnefnd. Var hún samþykkt samhljóða. Fundarstjóri lýsti því Björgu Sigurðardóttur, Björn Ágúst Björnsson og Kristjönu Millu Snorradóttur réttkjörin í tilnefningarnefnd Haga.

## **8. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fimm framboð hefðu borist til setu í stjórn Haga hf. innan þess tíma sem lög og samþykktir félagsins áskilja og væru þau öll gild. Upplýsingar um frambjóðendur hafa verið birtar en allir skipa núverandi stjórn og hafa því gefið kost á sér til endurkjörs. Fundarstjóri las upp nöfn frambjóðenda: Davíð Harðarson, Eiríkur S. Jóhannsson, Eva Bryndís Helgadóttir, Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Sigríður Olgeirsdóttir.

Frammi á fundinum liggur skýrsla tilnefningarnefndar, sem og tillaga nefndarinnar um stjórnarkjör í félaginu. Nefndinni bárust fimm framboð, öll frá núverandi stjórnarmönnum. Nefndin leggur til að Davíð Harðarson, Eiríkur S. Jóhannsson, Eva Bryndís Helgadóttir, Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Sigríður Olgeirsdóttir hljóti kosningu í stjórn félagsins.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. Enginn tók til máls.

Þar sem fleiri voru ekki í framboði en kjósa skal lýsti fundarstjóri eftirfarandi einstaklinga réttilega kjörna til setu í stjórn Haga hf. á aðalfundinum: Davíð Harðarson, Eiríkur S. Jóhannsson, Eva Bryndís Helgadóttir, Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Sigríður Olgeirsdóttir. Engar athugasemdir voru gerðar af fundarmönnum.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir þeirri tillögu stjórnar Haga hf. að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði kosinn endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár. Var sú tillaga samþykkt samhljóða og án athugasemda á aðalfundinum.

### **9. Kosning um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd.**

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að Hannes Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, verði kosinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd Haga en hann hefur setið í endurskoðunarnefnd félagsins frá árinu 2023. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlíð. Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

### **10. Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.**

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlíð. Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

### **11. Önnur málefni.**

Engar frekari tillögur bárust frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum líð. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði aðalfundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð. Heimild var veitt. Davíð Harðarson tók að lokum stuttlega til máls og sleit að svo búnu fundi kl. 16:20.

Fundargerð þessi er undirrituð með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

---

Þórður Bogason, fundarstjóri

---

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fundarritari

# Undirritunarsíða

Fundarritari  
Guðrún Eva Gunnarsdóttir

Fundarstjóri  
Þórður Bogason